

Til bekræftelse av dette har de respektive staters befuldmægtigede underskrevet nærværende overenskomst.

Uttferdiget i København den 2. april 1973 i ett eksemplar på norsk, dansk, finsk, islandsk og svensk.

Til bekräftelse härav har de fördragsslutande staternas befullmäktigade ombud undertecknat denna överenskommelse.

Som skedde i Köpenhamn den 2. april 1973 i ett exemplar på svenska, danska, finska, isländska och norska språken.

11. júlí 1973.

Nr. 10.

AUGLÝSING

um gildistöku samnings milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.

Hinn 9. nóvember 1972 var undirritaður í Stokkhólmi samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 111 1972 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum var síðan gengið frá fullgildingu samningsins og tilkynning samkvæmt 22. gr. hans send sænskum stjórnvöldum. Gekk samningurinn í gildi samkvæmt þeirri grein 1. janúar 1973.

Í 2. gr. ofangreindra heimildarlaga sagði, að ákvæði samningsins skyldu hafa lagagildi hér á landi, þegar hann hefði verið fullgiltur.

Á grundvelli 20. gr. samningsins hefur verið gengið frá samkomulagi um framkvæmdaatriði, sbr. auglýsingu nr. 129 í B-deild Stjórnartíðinda 1973, bls. 272.

Samningurinn var birtur sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 25/1972 í C-deild Stjórnartíðinda.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. júlí 1973.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.